

Umsögn Fljótsdalshéraðs um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða

Með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis þann 25. júní sl. var óskað eftir umsögn sveitarfélagsins um ofangreint frumvarp. Á fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs þann 30. júní sl. var Stefáni Boga Sveinssyni hdl. og bæjarfulltrúa falið að taka saman drög að umsögn. Voru þau drög lögð fyrir bæjarráð á fundi þess 28. júlí og staðfest af bæjarráði.

Umsögn

Í 1. grein frumvarpsins er greint frá markmiðum þess. Þar er sérstaklega tilgreint að taka verði tillit til verndargildis svæða sem og einnig þjóðarhags og svo hagsmuna þeirra sem nýta vilja svæðin. Er sérstaklega vísað til sjálfbærrar þróunar. Bæjarráð Fljótsdalshéraðs leggur áherslu á það að hugtakið sjálfbær þróun snýr að þremur jafngildum þáttum, þ.e. umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og fjárhagslegum eða hagfræðilegum þáttum. Allir þessir þættir eiga að njóta jafns vægis þegar unnið er eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Bæjarráð ítrekar því mikilvægi þess að unnið sé af heilindum að flokkun virkjanakosta og að einstakir þættir njóti ekki vægis umfram aðra.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að því sé m.a. „ætlað að skapa lagaumgjörð um þá vinnu sem farið hefur fram undanfarinn áratug við undirbúning að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skýra stöðu hennar gagnvart stjórnvöldum við gerð skipulagsáætlana og veitingu opinberra leyfa, þ.m.t. rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa. Þá er frumvarpinu ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi vinnu við mat og flokkun á virkjunarkostum.“ Bæjarráð vill gjarnan koma því á framfæri að sömuleiðis hljóti að leggja áherslu á að stjórnýsla í þessum málum sé skilvirk og eins hraðvirk og mögulegt er til samræmis við meginreglur stjórnýsluréttarins þar um.

Að þessu sögðu vill bæjarráð taka undir nauðsyn þess að setja samræmda löggjöf um þetta efni og telur þá aðferðafræði sem lögð er til í frumvarpinu ágætlega til þess fallna að ná fram markmiðum með slíkri lagasetningu. Bæjarráð vill þó koma á framfæri tveimur athugasemdum sem gerð verður grein fyrir hér að neðan.

1. Gildissvið verndar- og nýtingaráætlunar

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal verndar- og nýtingaráætlun ná til virkjanakosta sem hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Bæjarráð leggur áherslu á að ekki verði við meðferð málsins hróflað við þessum viðmiðum. Hefur bæjarráð þar í huga að möguleikar einstaklinga og annarra landeigenda til uppsetningar á smávirkjunum séu ekki skertir um of með kröfum um að allir smærri virkjanakostir fari í gegnum matsferli og falli undir verndar- og nýtingaráætlun.

2. Skipan verkefnisstjórnar og samráð við sveitarstjórnir


Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins skipar iðnaðarráðherra verkefnisstjórn og er þar gert ráð fyrir einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Bæjarráð leggur áherslu á að tryggja verður eðlilega aðkomu sveitarfélaganna að þessari vinnu. Minnt er á að sveitarstjórnir eru lýðræðislega kjörið nærstjórnvald sem eðlilegt er að hafi mikið um vernd og nýtingu virkjanakosta að segja. Því gerir bæjarráð athugasemd við að aðeins sé gert ráð fyrir einum fulltrúa tilnefndum af sambandi sveitarfélaga, eða jafn mörgum fulltrúum og mennta- og menningarmálaráðuneytið skipar. Bæjarráð vill einnig velta upp þeim möguleika að hvert sveitarfélag tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórnina sem starfi með henni þegar virkjanakostir innan þess sveitarfélags eru metnir.

Í 10. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir að verkefnisstjórn leiti samráðs og umsagnar sveitarfélaga og fleiri aðila. Bæjarráð telur hins vegar að stjórnvöld sveitarfélaga ættu sem lýðræðislega kjörnir fulltrúar íbúa að hafa meiri áhrif á vinnu við verndar- og nýtingaráætlun en félagasamtök og hagsmunaaðilar.

Þess er óskað að iðnaðarnefnd taki ofangreind sjónarmið til greina við vinnu sína við fyrirbyggjandi frumvarp. Fulltrúar Fljótsdalshéraðs eru reiðubúnir til frekara samráðs við nefndina óski hún þess.

Virðingarfyllt

f.h. Bæjarráðs Fljótsdalshéraðs



Gunnar Jónsson, formaður